

Alcoa Fjarðaál
Hrauni 1
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 22. desember 2022
UST202203-024/S.M.
08.07.02

Reglubundið eftirlit í Alcoa Fjarðaál

Þann 28. September 2022 fór fram reglubundið eftirlit í Alcoa Fjarðaál á Reyðarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Rykmagn í útblásturslofti berst út í andrúmsloftið frá tilteknum uppsprettum, skal vera minna en 50 mg/Nm³ miðað við klukkustundar meðalgildi og eðlilegt loftmagn frá starfsemi. Rykmagn í þremur mælingum í löndunarbúnaði og einni mælingu í steypuskála 2021 og einni mælingu í löndunarbúnaði 2022 voru yfir starfsleyfismörkum.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 12. janúar 2023.

Virðingarfyllst,

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
sérfræðingur